

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2019

2019/EES/57/13

frá 29. mars 2019

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/494 frá 25. mars 2019 um tiltekna þætti flugöryggis að því er varðar útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 66nk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66nl. **32019 R 0494**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/494 frá 25. mars 2019 um tiltekna þætti flugöryggis að því er varðar útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Sambandinu (Stjtið. ESB L 851, 27.3.2019, bls. 11).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/494, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. mars 2019, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 851, 27.3.2019, bls. 11.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.